

- g) Holtagata og nafnlaus gata milli Suðurgötu og Norðurstrætis;
- h) Austurbraut og Suðurgötu;
- 2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
 - a) Grjótagötu;
 - b) Veginum að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu;
 - c) Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 203 frá 17. mars 1980.

Utanríkisráðuneytið, 1. júlí 1985.

Geir Hallgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

6. júní 1985

Nr. 270

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir líknarfélagið Þrepið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir líknarfélagið Þrepið.

1. gr.

Félagið heitir Þrepið, líknarfélag.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem hefur átt í vanda vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til þess að ná fótfestu í samfélaginu á ný.

3. gr.

Í þessum tilgangi skal félagið eiga og reka húsnæði þar sem það leigir út herbergi. Þar skulu íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum vistarverum og not af sameiginleri aðstöðu og eiga kost á fæði á staðnum. Í húsinu skulu haldnir hópfundir og viðtöl reglulega, sem standi til boða þeim sem áhuga hafa. Íbúar skulu ekki neyta vímugjafa í húsinu eða utan þess meðan þeir búa þar.

4. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður í nafni félagsins með stofnfé kr. 10 000, tíu þúsund, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, húsaleiga og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Tekjum sjóðsins skal aðeins ráðstafað til þeirrar starfsemi sem að framan er lýst.

5. gr.

Stofnendur og stjórn Prepsins eru:

Stjórnarformaður: Jónína Björk Ólafsdóttir.
Sigurhans V. Hlynsson.
Margrét Blöndal.
Ólafur Friðriksson.
Sigurður Ingólfsson.

6. gr.

Stjórnarmanni skal vikið úr stjórninni, breyti hann í ósamræmi við markmið félagsins. Eins getur stjórnarmaður hætt að eigin ósk, en til annarra breytinga á skipan stjórnar, þarf samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað stjórnarfundi og skal halda um þá fundagerðabók. Þeir skulu vera a. m. k. tveir hvert ár.

8. gr.

Í byrjun hvers árs skulu lagðir fyrir stjórnina endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir síðan gerðir opinberir.

9. gr.

Til að fjárhagslegar skuldbindingar félagsins séu gildar, þarf undirskrift formanns ásamt minnst einum öðrum stjórnarmanni. Stjórnin getur ráðið starfsmenn á launum til að sinna einstökum þáttum starfseminnar, ef þörf krefur.

Stjórnin veitir prókúruumboð.

10. gr.

Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til einhverra þeirra aðila sem vilja halda áfram sömu starfsemi og stjórnin treystir til þess.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum og sveitarfélögum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1985, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984, skal vera sem hér segir:

	kr.
I. flokkur	36 000,00
II. flokkur	32 000,00
III. flokkur	28 000,00
IV. flokkur	20 000,00
V. flokkur	14 000,00
VI. flokkur	10 000,00